

Samkomulag um tilfærslu starfspáttu prófessora milli Háskólans á Akureyri og Félags prófessora við ríkisháskóla

Frá 01.08.2021 verður tilflutningur milli starfspáttu hjá prófessorum með þeim hætti sem lýst er hér að neðan:

Flokkur	Núverandi kennsluskylda	Flutningur starfsskyldu frá kennslu á rannsóknir og stjórnun og þjónustu	Árleg kennsluskylda frá 01.08.2021
Prófessor I	769	0	769
Prófessor II	769	30	739
Prófessor III	769	60	709
Prófessor IV	769	90	679
Prófessor V	769	120	649
Prófessor VI	769	150	619
Prófessor VII	769	160	609

Hugmyndin að baki lækkaðrar kennsluskyldu með hækkaðri flokki prófessora byggir á því að veita þeim sem lagt hafa mikla áherslu á rannsóknir stigvaxandi lækkun á kennsluskyldu til að veita upp á móti álagi vegna rannsókna og annarra starfa. Samingsaðilar leggja áherslu á að þessi lækkun kennsluskyldu gangi eftir, þ.e.a.s. að dregið sé úr kennslu sem þessum afslætti nemur, en þess er vænst að prófessorar séu leiðandi í rannsóknum. Samningurinn byggir m.a. á bókun 2 í kjarasamningi Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármálaráðherra frá 25. nóvember 2014

(http://professorar.hi.is/sites/professorar.hi.is/files/Undirritaður%20miðlægur%20kjarasamningur%20OFPR%20251114_1.pdf) um sérstöðu prófessora. Rétt er að undirstrika að um tilflutning milli

starfspáttu að ræða, heildarumfang starfsskyldna prófessora er áfram það sama. Minni kennsluskylda getur komið fram sem aukinn tími til rannsókna og einnig sem aukinn tími til stjórnunar, þó innan þess ramma sem tilflutningurinn setur. Prófessorar bera þannig meiri stjórnunarþyngd en aðrir akademískir starfsmenn.

Við uppgjör á kennslu tiltekið ár er því miðað við 769 stunda kennsluskyldu í öllum tilvikum og því ekki greitt sérstaklega fyrir kennslu sem rúmast innan afsláttar.

Deildarformenn og prófessorar skipuleggja kennslu innan kennsluskyldu hvers prófessors en heildaráætlun er síðan samþykkt af forseta fræðasviðsins. Deildarformenn geta ekki einhliða ákveðið að prófessorar skuli kenna umfram þann tímafjölda sem tilgreindur er í töflunni hér að ofan.

Deildarformenn og prófessorar skulu sameiginlega ákveða hvernig kennslubyrði skiptist milli leiðbeiningar BA/BS, MA/MS og PhD nema annars vegar og kennslu í námskeiðum hins vegar. Skal sú áætlun miðast við kennsluskyldu eins og lýst er í 4. dálki töflunnar hér að ofan.

Í sérstöku tilvikum, t.d. ef um er að ræða aukna kennslubörf vegna langtímaveikinda í deild eða fæðingarorlofs, geta deildarformenn og prófessorar gert skriflegt samkomulag um aukna kennslu umfram kennsluskyldu eins og henni er lýst í 4 dálki töflunnar hér að ofan. Skal slík kennsla gerð upp samkvæmt hefðbundnum yfirvinnutaxta vegna kennslu sé hún greidd út. Í slíkum tilvikum skal taka tillit til töflu 2 um yfirvinnubak í 3. tölulið viðauka við stofnanasamning FPR og HA frá 16. nóvember 2015. Þetta á eingöngu við þegar ekki reynist unnt að mæta kennslubörf með öðrum hætti en aukinni kennslu prófessora. Slíkt samkomulag skal gert fyrirfram, vera rökstutt, samþykkt og staðfest skriflega af forseta fræðasviðs.

Samráðsnefnd Félags prófessora við ríkisháskóla og Háskólans á Akureyri skal skera úr um ágreiningsmál er kunna að koma upp í tengslum við framkvæmd samnings þessa. Samráðsnefndin skal einnig leggja mat á reynslu af starfsþáttatilfærslunni og getur lagt til breytingar á framkvæmd. Skal þessu mati lokið eigi síðar en 6 mánuðum (30. september 2022) fyrir lok gildistíma kjarasamnings Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármálaráðherra.

Um leið og ofangreint tekur gildi er jafnframt réttur prófessora til að sækja um styrk í Starfsskyldusjóð Háskólans á Akureyri felldur úr gildi, en reglurnar varða árangurstengda tilfærslu starfsþátta.

Samkomulag þetta tekur gildi 1. ágúst 2021.

Reykjavík, 12. apríl 2021



F.h. Háskólans á Akureyri



F.h. Félags prófessora við ríkisháskóla